



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 26. nóvember, 2024

## Efni: Umsögn Stígamóta um drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til og með 2027

Stígamót fagna nýrri aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi og lýsa yfir áhuga, stuðningi og samstarfsvilja í þessum málaflokki. Samtökin búa yfir áratugalandri þekkingu á hinum ýmsu birtingamyndum kynferðisofbeldis, afleiðingum þeirra og á stöðu brotaþola. Áfall á borð við kynferðisofbeldi hefur víðtæk áhrif á líf einstaklinga og tækifæri þeirra til náms, vinnu og almennri þátttöku í samféluginu. Það er til mikils að vinna að koma í veg fyrir það. Þá hafa Stígamót um árabil beint sjónum sínum að ungmennum með forvörnum og fræðslu í gegnum Sjúkást og hafa mikla og góða reynslu af því.

Stígamót vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum um einstaka aðgerðir í áætluninni:

- Aðgerð 4: Stígamót bjóða sig fram í þennan hóp, enda búa samtökin yfir mikilli þekkingu og reynslu af stöðu barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi þá sérstaklega í gegnum Sjúkást og Sjúktspjall.
- Aðgerð 12: Stígamót minna á árlega Sjúkást fræðslu sem félagsmiðstöðvar halda.
- Aðgerð 14: Stígamót benda á að það megi ganga hér skrefi lengra en að viðhalda og frekar efla ráðgjafateymið. Einnig er mikilvægt að yfirlit yfir málafjölda (tolfræði) sé haldið til haga til þess að fylgjast með þróun og úrvinnslu þessara mála.
- Aðgerð 15: Stígamót leggja til að uppfæra textann um Sjúkást með eftirfarandi hætti: *Sjúkást er fræðsluvefur sem Stígamót hefur unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti. Stígamót bjóða einnig upp á fræðslupakka fyrir fagfólk sem hægt er að nálgast með því að hafa samband við samtökin.*
- Aðgerð 20: Stígamót benda á mikilvægi þess að jafningjafræðslan fræði einnig sérstaklega um **kynbundið** ofbeldi.
- Aðgerð 26: Stígamót vilja minna á þann viðkvæma hóp sem fólk í vændi er og að tryggja þurfi rétt þeirra til leigusamninga sömuleiðis. Um leið er sett spurningamerki við verklag sem sviptir rétt leigutaka til leiguþúsnaðis beiði hann ofbeldi. Ekki er ljóst hvernig slíku verklagi yrði framfylgt og hvort það sé áhrifaríkt í baráttunni gegn ofbeldi. Þess í stað benda Stígamót á að veita gerendum aðstoð og tækifæri til betrunar.

- Aðgerð 46: Stígamót velta fyrir sér hvort eigi að vera upplýsingagjöf á skemmtistöðunum sjálfum, með skilaboðum og upplýsingum um úrræði.
- Aðgerð 48: Stígamót benda á mikilvægi þess að greina á milli ólíkra birtingamynda mansals og spryja hvort hér sé ekki um að ræða vinnumansal fremur en vændismansal, en gott væri að skýra það í aðgerðinni.

Stígamót vilja tryggja að vitneskja um hið mikilvæga úrræði *Sjúktspjall* (nafnlaust netspjall fyrir ungmenni) sé til staðar hjá fagfólk þannig að upplýsingar um það skili sér til ungs fólks. Einnig vilja Stígamót minna á neikvæð áhrif og afleiðingar kláms, þá sérstaklega á ungt fólk. Samtökin vilja að öflugri fræðslu og umræðu um málaflokkinn sé viðhaldið og að bæði fagfólk og almenningur séu upplýst um hann. Til þess eru margar leiðir færar svo sem ráðstefna, fræðsla, herferð og fleira, nokkuð sem mætti koma til skoðunar í þessari aðgerðaáætlun. Þá vilja Stígamót sjá öflugar aðgerðir og verklag til þess að aðstoða fólk úr vændi. Slíkt væri hægt að móta t.d. í samstarfi félagsþjónustu borgarinnar, VIRK og Stígamóta, en Stígamót hafa haldið sérstaklega utan um brotápola vændis með Svanahópi (sértækur stuðningshópur fyrir fólk í vændi). Einnig vilja Stígamót undirstrika mikilvægi þess að beina sjónum að gerendum, bæði í gegnum öflugt forvarnarstarf og með því að skapa verkferla og rými fyrir þá til betrunar og leiðir til að axla ábyrgð. Að lokum benda Stígamót á að nauðsynlegt er að ná utan um margvíslegar birtingamyndir ofbeldis, en aukning á stafrænu ofbeldi þarf að skoða sérstaklega sem og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir það.

Ljóst er að bakslag í jafnréttismálum er í fullum gangi og þurfa konur og kvár að þola afturhaldssamar og kúgandi skoðanir og stefnur sem hafa ekki átt upp á dekk um árabil. Aðrir minnihlutahópar berjast fyrir tilverurétti og gegn sterkum fordómum sem eru vísvitandi byggðir á rangfærslum og falsfréttum. Slíku bakslagi fylgir ávallt hætta á auknu ofbeldi, enda er valdaójafnvægi og yfirráð miðpunktur þess. Nokkuð sem er greinilegt þegar rýnt er í upplifun jaðarsettra hópa af ofbeldi en það er margfalt á við það sem aðrir hópar upplifa. Það er alltaf mikil þörf á því að berjast gegn ofbeldi af hverju tagi, en orðræða dagsins í dag vekur upp óhug starfsfólks Stígamóta og sýnir að nú þarf sterka vörn á sviði jafnréttismála sem þarf svo að snúa í sókn.

Stígamót hlakka til áframhaldandi samstarfs við Reykjavíkurborg í baráttunni gegn ofbeldi.

Virðingafyllst,



fyrir hönd Stígamóta  
Svandís Anna Sigurðardóttir  
Verkefnastyra fræðslu og forvana